

41
1. apríl

Tilskipun

um

breyting á og viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi af Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer bjóðum hjer með og fyrirskipum, samkvæmt 23. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík á þessa leið:

1. gr.

Í Reykjavík skal útsendingu eyðublaða undir framtal til tekjuskatts og eignarskatts vera lokið 15. janúar ár hvert, og skal þeim skilað útfyltum í síðasta lagi 15. febr. næstan á eftir. Þeir, sem reka atvinnu á fleirum stöðum en einum, þurfa þó ekki að skila framtalsskýrslum fyrir en 31. mars. Ennfremur er skattstjóra rjett að veita atvinnurekendum frest til framtals til 15. mars, ef sjerstaklega stendur á. Skattskrá skal gerð fyrir lok aprílmánaðar, og liggja skal hún frammi almenningi til sýnis frá 1. maímán. til 15. sama mánaðar, enda er kærufrestur til síðastnefnds dags. Kærur skal úrskurða fyrir 31. maí og kærufrestur til yfirskattanefndar skal vera til 15. júní, en úrskurðað skal hún hafa kærur fyrir júnímánaðarlok. Upphafsdagur og lokadagur hvers frests skal með talinn.

2. gr.

Í Reykjavík skal skora á alla þá, sem ekki hafa sent framtal sitt innan lögmæltis tíma, með auglýsingu í dagblöðum kaupstaðarins, að telja fram eignir sínar og tekjur lögum samkvæmt, innan hæfilegs tíma, sem tiltekinn sje í auglýsingu, enda skal eigi þurfa annarar áskorunar.

3. gr.

Tilskipun þessi kemur þegar til framkvæmdar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 1. apríl 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Jónsson.